

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „2000“ í fyrri og síðari málslið ákvæðis til bráðabirgða við lögin, sbr. lög nr. 69/1996, kemur: 2001.

2. gr.

Lög þessi taka þegar í stað gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 110

LÖG

28. desember 1999

um Póst- og fjarskiptastofnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Starfsmenn.

Samgönguráðherra skipar forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru:

1. Að veita rekstrarleyfi fyrir almenna fjarskiptaþjónustu og -net og setja skilyrði um almennar heimildir til að veita fjarskiptaþjónustu, hvort tveggja sundurliðað eftir þjón-